

## Aðalfundur Sorpsamlags Strandasýslu, 30.8.2024, í Hafnarbraut 25, Hólmavík

Mætt: Sigurður Marinó Þorvaldsson, framkvæmdastjóri, Sigríður Jónsdóttir og Þorgeir Pálsson stjórnarmenn. Einnig mætt Sverrir Guðbrandsson og Salbjörg Engilbertsdóttir, starfsmenn Strandabyggðar. Enginn fulltrúi frá Kaldrananeshreppi eða Árneshreppi mætti.

Framkvæmdastjóri setti fundinn kl 14.05 og bauð fundarmenn velkomna. Framkvæmdastjóri kannaði lögmæti fundarins og hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Formaður tók til máls og sagði að liður 6 í boðaðri dagskrá ætti ekki við, enda hafi sá liður verið tekin fyrir á síðasta aðalfundi. Baðst formaður afsökunar á þessu. Engar aðrar athugasemdir gerðar.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi

### 1. Kjör fundarstjóra og ritara

Framkvæmdastjóri leggur til að hann stýri fundi og að Þorgeir Pálsson riti fundargerð. Hvoru tveggja samþykkt.

### 2. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri las upp skýrslu framkvæmdastjóra og stjórnar. Sigurður Marinó Þorvaldsson, Sverrir Guðbrandsson og Salbjörg Engilbertsdóttir unnu skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri nefndi sérstaklega mikinn sparnað í rekstri sem hlýst af því að nú er hægt að fara með margfallt meira magn af hráefni suður en áður. Nýting á bílakosti eykst og næst að auki vonandi fjármagn upp í kostnað vegna flutnings á efni til móttökuaðila. Einnig nefndi framkvæmdastjóri heimilisjarðgerðarvél (Reencle) og sagði reynslu af þeim góða. Fyrir liggur að Sorpsamlagið þarf nú að hefja móttöku á lífrænum úrgangi frá fyrirtækjum og eru hugmyndir uppi um að kaupa tvær stórar svona vélar (50-100 kg).

Rætt var um þjónustu við fyrirtæki og önnur sveitarfélög og mikilvægi þess að hefjast handa nú þegar við að gera skriflega samninga við hlutaðeigandi.

Formaður óskaði eftir umræðu um Skeiðið og framtíðarfyrirkomulag á starfsemi Sorpsamlagsins þar, sem og hugsanlega landnýtingu. Fram kom að hanna þarf framtíðarsvæði Sorpsamlagsins t.d. hvað varðar móttöku á lífrænum úrgangi. Í raun er húspláss félagsins sprungið og nauðsynlegt að huga að stækkun. Það verður ekki unnið nema með stærra landrými. Rætt var um að fá Byggingarfulltrúa til að meta möguleika á Skeiði, í framhaldi af núverandi lóð Sorpsamlagsins og meta um leið hugsanlega aðkomu Strandabyggðar að þessari uppbyggingu.

Framkvæmdastjóri bar skýrslurnar því næst undir fundinn. Báðar samþykktar samhljóða.

### 3. Staðfesting ársreiknings

Framkvæmdastjóri gaf stjórnarformanni orðið. Formaður rakti helstu tölur og benti á jákvæða þróun í rekstri félagsins, sem skilaði hagnaði á sl ári, upp á rúmar 7 milljónir. Heildartekjur á árinu 2023 voru 80,5 milljónir sem er hækkun um 78% frá fyrra ári. Var rætt um þörfina fyrir frekari stefnumótunavinnu Sorpsamlagsins, ekki bara hvað varðar húsnæðis- og lóðamál.

Framkvæmdastjóri bar því næst ársreikninginn undir fundinn sem staðfesti ársreikninginn.

SMP  
SGJ

TOP

4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar/taps.

Framkvæmdastjóri lagði til að flytja hagnað til næsta árs og nýta til áframhaldandi uppbyggingar félagsins. Samþykkt samhljóða.

5. Kjör stjórnar og endurskoðanda félagsins

Tillaga stjórnar er óbreytt stjórn. Samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóri lagði til að KPMG yrði áfram endurskoðandi félagsins. Samþykkt samhljóða.

6. Tillaga stjórnar um hækkun á mánaðarlegu framlagi aðildarsveitarfélaga  
Dagskrárliður felldur niður, sjá athugasemd við fundarboðun.


7. Önnur mál.

- a. Gjaldskrár. Framkvæmdastjóri lagði fram gjaldskrá Sorpsamlagsins 2024 til samþykktar. Gjaldskránni er ætlað að einfalda alla innheimtu og skerpa á kostnaði við þjónustu félagsins. Varðandi gjaldskrá úrgangs, leggur framkvæmdastjóri til að sú gjaldtaka verði „lifandi“ á þann hátt að gjald breytist í takt við gjaldskrárbreytingar móttökuaðila. Ljóst er að sumir gjaldaliðir breytast oft á ári, í takt við framboð og eftirspurn og þarf Sorpsamlagið að hafa svigrúm til að bregðast við þeim gjaldskrárbreytingum. Í gjaldskránni er skilgreindur kostnaður við vélar og bíla félagsins sem og mannakaup. Framkvæmdastjóri lagði einnig til að gjaldskráin verði bundin neysluverðsvísitölu. Óskaði framkvæmdastjóri því næst eftir samþykki fundarins. Samþykkt samhljóða og er framkvæmdastjóra falið að kynna gjaldskrána fyrir notendum.
- b. Fjárfestingar og framtíðar uppbygging. Framkvæmdastjóri vísaði í umræðu um skýrslu stjórnar og sagði þessa umræðu koma inn í gerð fjárhagsáætlunar vegna 2025.

Fleira ekki rætt. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 15:29

Þorgeir Pálsson, fundarritari.

  
Sigríður Þorláksson  
Sigríður G. Jónsd.